

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 11:00 þriðjudaginn 4. maí 2021, Teams fundur

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir, Örn Arnarson, Þórdís Bjarnadóttir og Tómas Árdal varamaður.  
Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE  
Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson

Formaður setti fund og fól framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

## Dagskrá:

### Vörður – Merkisstaðir Íslands

Framkvæmdastjóri kynnti verkefnið Vörðu – merkisstaði Íslands. Þetta er verkefni sem Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneytið komu fram með nýlega og ráðherra ferðamála kynnti sem nýja heildstæða nálgun á áfangastaðastjórnun. Verkefnið hefur hlotið bæði athygli og gagnrýni fyrir að staðirnir sem urðu fyrir valinu til þess að verða Vörður, eru allar á Suðurlandi. Jafnframt vekur athygli að hvorki áfangastaðastofur landsins, Íslandsstofa né Ferðamálastofa höfðu nokkra aðkomu að, eða upplýsingar um þetta verkefni fyrr en það var kynnt.

Umræður um verkefnið.

*Stjórn hefur, í ljósi nýkynntra áforma um verkefni um Vörður, verulegar áhyggur af óljósri aðgerðaáætlun ANR varðandi dreifingu ferðamanna um allt land. Stjórn furðar sig jafnframt á, og gerir verulegar athugasemdir við skort á samráði við áfangastaðastofur og aðra hlutaðeigandi aðila við vinnslu verkefnisins. Stjórn gerir þá kröfu á ráðuneyti ferðamála að Vörður verði settar í öllum landshlutum. Stjórn mun jafnframt óska eftir fundi með ráðherra ferðamála við fyrsta tækifæri til að ræða þessi mál.*

### Flugklasinn, fjármagn frá ANR

Verkefnastjóri kynnti drög að nýjum samningi ANR við MN vegna stuðnings við Flugklasans, en verulega er verið að draga úr framlögum ANR til hans (8 milljónir í stað 20 milljóna).

### Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir undirbúningi fyrir aðalfund, sem mun fara fram þann 11. maí n.k.

Fleira ekki rætt og formaður sleit fundi kl 12:15

Fundarritari HPP